

Árið 1982, þriðjudaginn 5. janúar, var Kjaradómur settur að Rauðarárstíg 25 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni Rögnvaldssyni og Jóni G. Tómassyni.

Fyrir var tekið:

- I. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands.

Frá 1. nóvember 1981 skulu laun forseta Íslands vera 31.878 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

- II. Að taka ákvörðun um laun dómarar í Hæstarétti Íslands.

Frá 1. nóvember 1981 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 25.502 krónur á mánuði en laun annarra hæstaréttardómara 23.828 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

- III. Að taka ákvörðun um laun ríkisstjórnar Íslands.

Frá 1. nóvember 1981 skulu laun forsætisráðherra vera 15.327 krónur á mánuði en laun annarra ráðherra 13.653 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

- IV. Að taka ákvörðun um laun ríkissaksóknara.

Frá 1. nóvember 1981 skulu laun ríkissaksóknara vera 23.828 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

- V. Að taka ákvörðun um laun ríkissáttasemjara.

Frá 1. nóvember 1981 skulu laun ríkissáttasemjara vera 23.828 krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

VI. Að taka ákvörðun um laun
ráðuneytisstjóra.

Frá 1. nóvember 1981 skulu laun ráðuneytisstjóra vera 19.899
krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

VII. Að taka ákvörðun um laun
biskups Íslands.

Frá 1. nóvember 1981 skulu laun biskups Íslands vera 22.379
krónur á mánuði.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

VIII. Að endurskoða ákvörðun um þingfararkaup
og kostnað alþingismanna.

1. Þingfararkaup verði 15.455 krónur á mánuði frá 1. nóvember 1981.
Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.
2. Húsnæðiskostnaður verði 2.600 krónur á mánuði frá 1. janúar 1982.
3. Dvalarkostnaður um þingtímann verði 90 krónur á dag frá 1. janúar 1982.
4. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 15.900 krónur frá 1. janúar 1982 miðað við ársgreiðslu.
5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. janúar 1982 á mánuði:

Í Reykjavíkurkjördæmi	1.125 krónur
Í Reykjaneskjördæmi	2.025 -
Í öðrum kjördæmum	3.315 -

Fleira ekki gert. Kjaradómi slitið.

Bentist klárt

Jón Rognvaldsson
Ólafur Þimur

Tóu Þimur
Jón L. Þórmarsen